



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1982
komudagur 19.3.2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum (samræming reglna um vatnsréttindi), 634. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Í fyrsta lagi fjallar frumvarpið um að grunnvatn verði framvegis meðhöndlað í lögum á sama hátt og yfirborðsvatn í vatnalögum en ekki auðlind samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þetta mun valda breytingu á eignarrétti grunnvatns. Í frumvarpinu er rökstuðningur með breytingunni fátæklegur og tillagan sögð byggja á skýrslu nefndar frá júní 2012, að núverandi tilhögun sé „óheppileg“ og standist varla frá „vatnafræðilegu sjónarmiði“. Einnig er í 4. kafla greinargerðarinnar sagt að ekki sé munur á því hvort um eignarrétt sé að ræða eða neikvætt afmarkaður umráða- og nýtingarréttur.

Samtökin hafa ekki haft tök á því að bera þetta undir sérfræðinga sem þekkingu hafa á málinu en telja málsmeðferðina óviðunandi. Nefndin sem vísað er til í greinargerð skilaði skýrslu í maí 2012 en ekki er unnt að finna niðurstöðurnar á vef ráðuneytisins. Æskilegt hefði verið að skýrslan hefði strax verið gerð opinber og óskað umsagna um efni hennar. Þannig hefði hagsmunaaðilum gefist færi á að undirbúa mat á efni frumvarpsins. Samtökin hafa áhyggjur af því að í reynd feli frumvarpið í sér miklar breytingar á eignarhaldi auðlinda og geti haft áhrif á ylræktendur og fiskeldisfyrirtæki. Samtökin vísa í þessu sambandi til álits Karls Axelssonar, hrl. sem birt hefur verið sem innsend umsögn um málið á vef Alþingis. Niðurstaðan er því sú að óska eftir því að málið verði undirbúið betur og að fram fari vandað mat á áhrifum þess áður en frumvarpið verður samþykkt sem lög.

Í öðru lagi fjallar frumvarpið um að unnt verði að veita leyfi til rannsókna á orkulindum til undirbúnings raforkuvinnslu innan sem utan netlaga. Slík leyfi hafa til þessa verið veitt innan netlaga en hugsanlegar sjávarfallavirkjanir (og reyndar ölduvirkjanir komi til þeirra) falla utan netlaga. Með því að víkka skilgreininguna getur falist í rannsóknarleyfi fyrirheit um forgang leyfishafa til nýtingar á viðkomandi orkulind. Eins og frumvarpsgreinin er orðuð þá tekur hún til annarra orkulinda en sjávarfalla og hugsanlega getur vindorka fallið þar undir. Niðurstaða samtakanna er að gera ekki athugasemd við þetta ákvæði heldur hvetja til þess að það verði samþykkt.

Samtökin telja hins vegar óheppilegt að jafn óskyldum málum skuli blandað saman í einu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins